Með ljós í hjarta ✨

Kæru íbúar Reykjanesbæjar og gestir

Ljósanótt í Reykjanesbæ árið 2025 fer fram dagana 4.–7. september nk.

Við hvetjum alla til að skemmta sér fallega og fara varlega. Það er mikilvægt að sýna hvert öðru virðingu og umhyggju – þannig tryggjum við að allir geti átt góða og örugga stund saman.

Munið að ef eitthvað kemur upp sem ekki á að gerast, þá er alltaf hægt að hringja í 112. Þar er aðstoð ávallt innan seilingar.

Mikill viðbúnaður er í gangi, bæði hjá lögreglu, Flotanum – flakkandi félagsmiðstöð og barnavernd Reykjanesbæjar. Við erum öll saman í því að skapa öruggt og hlýlegt samfélag.

Verum með ljós í hjarta – og látum gleðina, öryggið og virðinguna leiða okkur. 🌟

Lýðheilsuráð Reykjanesbæjar

